sent hingað bœnarskrá, þar sem presturinn að Breiðabólstað á Skógarströnd í Snæfells- **145**
nessýslu, prófastur sira Guðm. Einarsson sœkir um, að tjeðu prestakalli verði veitt 600 kr. 25. sept.
lán af almannafje fyrir sakir jarðabóta þeirra, sem hann hefir látið framkvæma á prests-
setrinu.

Út af þessu skal yður, herra landshöfðingi, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, að hið umbeðna lán veitist hjer með Breiðabólstaðar prestakalli, svo framarlega sem nœgilegt fje er fyrir hendi í viðlagasjóðnum, sem ráðgjafanum er ókunnugt um, þannig að af láninu sjeu greiddir 4 af hundraði í vöxtu á ári, og að lánið sje endurborgað á 12 árum samfleytt með 50 kr. árlegu afnámsgjaldi.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lán til kirkjubygg- **146**
inga r. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað bœnarskrá frá kirkjugjörðar- 25. sept.
nefndinni í Stykkishólmi með áliti stiptsyfirvaldanna, um að fá, til þess að fullgjöra nefnda kirkju, auk hins fyrveitta 2000 kr. láns, sem getur um í brjefi ráðgjafans 25. maí f. á.[1], enn handa sömu kirkju 1000 kr. lán úr viðlagasjóðnum með sömu kjörum, sem hið fyrrnefnda lán. Getið þjer þess, að sóknarbúar hafi ábyrgzt, að greiddir sjeu 4 af hundraði í vöxtu af láni því, sem búið er að veita, og að það verði endurborgað með 80 krónum árlega, og leggið þjer til, að lán það, er nú er beðið um, verði veitt gegn 4% ársvöxtum, og þannig, að það verði í sameiningu við hið fyrveitta 2000 kr. lán endurborgað með 80 kr. árlega, en þetta afnámsgjald skuli þó lántakendur skyldir að hækka upp í 100 kr. árlega eptir nánari ákvörðun yðar.

Fyrir því skal til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn, svo framarlega sem peningar eru fyrir hendi, en um það vantar skýrslu, veitir hjer með hið umbeðna lán, sem ber að greiða árlega vöxtu af með 4 af hundraði, og endurborga ásamt hinu fyrra láni, 2000 kr. að upphæð, með 100 króna árlegu afnámi, þó ber þess að gæta, að bæði vaxtalúkning og endurborgun sje annaðhvort tryggt á sama hátt og hið fyrra lán, 2000 kr., eða að fyrir því sje sett önnur löggild trygging.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* þóknun fyrir að kenna **147**
organslátt. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna um bónarbrjef það, er Jónas 26. sept.
organisti Helgason hafði sent hingað, og þar sem hann fer fram á að fá þóknun af fje því, sem með 15. gr. fjárlaganna er ákveðið til vísindalegra og verklegra fyrirtœkja fyrir að hafa veitt tilsögn í söng og organslætti alls 8 ungmennum, og eru 5 þeirra þegar farnir að leika á organ og stýra söngnum í 5 kirkjum landsins — hefi jeg af fje því, er nefnd fjárlagagrein rœðir um, veitt beiðandanum 300 kr. þóknun og ávísað honum upphæð þessari til útborgunar úr jarðabókarsjóði.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með að tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* **148**
ráðstafanir gegn sandfoki, — Í þóknanlegu brjefi frá 10. þ. m. hafið þjer, 26. sept.
herra amtmaður, fyrir hönd amtsráðsins farið þess á leit, að Sveini búfrœðingi Sveinssyni,

1) sjá stjórnartíð. 1878 B. 96.